

Mál á dagskrá nefndar.

Óskað er eftir að neðan greint mál verði sett á dagskrá nefndar.

1. Sá sem óskar eftir máli á dagskrá nefndar.

Nafn: . Stefán Ómar Jónsson

Staða: . bæjarfulltrúi

2. Heiti máls, nefnd og fylgiskjöl.

Heiti máls: . Leiguíbúðir fyrir aldraða í Mosfellsbæ

Fari á dagskrá: . Bæjarráðs Mosfellsbæjar

Fylgiskjöl: . Þetta skjal

3. Tillaga.

Tillaga um að Mosfellsbær skoði í sambandi við fyrirhugaða uppbyggingu íbúða fyrir aldraða, á vegum Eirar að Bjarkarholti, að allt að tuttugu íbúðir verði byggðar skv. ákvæðum laga um almennar íbúðir er njóti stofnframlaga af hálfu Mosfellsbæjar annars vegar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hins vegar.

4. Greinargerð með máli.

Markmið laga um almennar íbúðir (52/2016) er að bæta húsnæðisöryggi meðal annars aldraðra, sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum við upphaf leigu, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

Mikið hefur verið ritað og rætt um stöðu aldraðra hvað varðar afkomu þess, alls kyns skerðinga sem aldraðir verða fyrir hvað varðar ellilífeyri o.fl. sem ekki verður rakið hér. Það er staðreynt að margir í hópi aldraðra eiga í miklum erfiðleikum þegar kemur að búsetuúrræðum, þar sem leiga á íbúðum sem þeim standa til boða er í mörgum tilfellum há og gerir það að verkum að leigugreiðslur er mjög hátt hlutfall af tekjum þess og sumum jafnvel ofviða.

Það að Mosfellsbær beiti sér fyrir því að til verði íbúðir fyrir aldraða í Mosfellsbæ sem njóti stofnframlaga frá sveitarfélaginu og ríkinu sem nemi 30% af stofnkostnaði hvernar íbúðar er því afgerandi fyrir húsnæðismöguleika tekjulágra eldri borgara í Mosfellsbæ.

Tekjulágir eldri borgarar í Mosfellsbæ sem vilja búa í nábýli við þá þjónustu og það félagsstarf sem Eir og Mosfellsbær veita að Hlaðhömrum er með tillögunni gert auðveldara að geta notið þessa nábýlis.

5. Fjárhagsleg áhrif/kostnaður.

Kostnaður Mosfellsbæjar vegna tillögunnar liggur ekki fyrir fyrr en fjöldi og byggingarkostnaður íbúða liggur fyrir, en stofnframlag Mosfellsbæjar yrði skv. lögum 12% af byggingarkostnaði/kaupverði.